

**Tillaga um vinnulag innan Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks:**

Framkvæmdastjóri BsVest vinnur eftir erindisbréfi.

Næsti yfirmaður framkvæmdastjóra er stjórn BsVest .

Almennt um ábyrgðarsvið framkvæmdastjóra byggðasamlagsins, hann hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd þjónustusamnings um málefni fatlaðs fólks og ber ábyrgð á því gagnvart stjórn BsVest að honum sé framfylgt. Hann skal leiðbeina um framkvæmd þjónustunnar og hefur rétt til íhlutunar um framkvæmd einstakra mála ef þörf krefur í samráði við félagsmálastjóra á viðkomandi svæði, en skal leggja ákvarðanir sínar fyrir stjórn BsVest. Framkvæmdastjóri er starfandi formaður verkefnahóps um málefni fatlaðs fólks og ber ábyrgð á að unnið sé í samræmi við lög og reglugerðir er varða málefni fatlaðs fólks, þjónustusamninginn og staðfestar samþykktir verkefnahópsins. Framkvæmdastjóri á að tryggja gæðaeftirlit, faglega framþróun, ráðgjöf og samráð um jöfnun þjónustunnar á starfssvæðinu.

**Helstu verkefni:**

1. Vinnur að stefnumótun með verkefnahóp og stjórn.
2. Ráðgjöf fyrir sveitarfélögin á starfssvæðinu.
3. Miðlun upplýsinga á milli til verkefnahóps, sveitarfélaga og stjórnar.
4. Leggur árlega endurskoðuð gæða og þjónustumarkmið byggðasamlagsins fyrir stjórn byggðasamlagsins.
5. Fylgist með því að skjólstæðingar fái þá þjónustu sem nauðsynleg er til að efla sjálfstæði þeirra og færni, og að þeim nýtist almenn þjónusta og ráðgjöf.
6. Hefur eftirlit með að gæða og þjónustumarkmiðum byggðasamlagsins sé framfylgt.
7. Vinnur að gerð fjárhags og rekstraráætlana og skýrslugerð vegna starfseminnar. Í samvinnu við verkefnahóp.
8. Gerir tillögur að skiptingu fjármuna sem til ráðstöfunar eru milli svæða ásamt verkefnahópi
9. Hefur eftirlit með því að fjárhagslegar skuldbindingar séu samkvæmt ákvæðum þjónustu og samstarfssamnings. Hefur eftirlit með fjárhagsáætlunargerð sveitarfélaga innan BsVest og að áætlunum hvers árs sé fylgt eftir.
10. Hefur eftirlit með að stofnanir sem veita fötluðu fólki þjónustu starfi innan ramma laga og fjárveitinga á hverjum tíma.
11. Hefur eftirlit með gerð starfsáætlana fyrir starfsemi vegna fatlaðra á starfssvæði byggðasamlagsins.
12. Stuðlar að og aðstoðar við samskipti við aðstandendur.
13. Aðstoðar við samskipti við þær stofnanir sem íbúar sækja þjónustu til.
14. Metur þjónustuþörf ásamt starfsmönnum á starfandi og nýjum heimiliseiningum á skammtímavistun.
15. Fylgist með umsóknum um búsetu og dvöl á skammtímavistun. Hefur eftirlit með upplýsingagjöf varðandi umsóknir.
16. Gegnir formennsku í Verkefnahópi um málefni fatlaðra á Vestfjörðum.
17. Annast önnur þau verkefni sem lúta að málefnum fatlaðra og stjórn byggðasamlagsins felur honum.
18. Fylgja eftir framkvæmdaráætlun fatlaðs fólks.
19. Skipuleggur sameiginlega fundi, verkefnahóps, stjórnar og starfsmanna.

**Starfsáætlun BsVest árið 2020-2021.**

Framkvæmdastjóri muni eiga reglulega fundi með Ísafjarðarbæ, fari einu sinni á tveggja vikna fresti að meðaltali til Bolungavíkur, fari 8 sinnum að meðaltali á ári til félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps og Vestur-Barðastrandarsýslu. Þar mun framkvæmdastjóri vinna sína vinnu ásamt því að eiga fundi með félagsmálastjórum og þeim sem óska eftir fundi með framkvæmdastjóra.

Verkefnahópur hefur gert plan um að funda reglulega og áætlað er að halda 10 fundi á árinu 2020-2021 þar af 3-4 snertifundi. Stjórn fundar eftir þörfum. Einnig er áætlaður fundur stjórnar og verkefnahóps í lok nóvember nk.

Til að setja niður helstu mál BsVest árið 2020-2021.

- ✓ Funda reglulega vegna BsVest, Innanríkisráðuneytið, sambandinu, Velferðarráðuneytinu. (Jöfnunarsjóð)
- ✓ Fundur, með bakhóp Samband íslenskra sveitarfélaga.
- ✓ Fjárhagsáætlunargerð
  - Framlag frá jöfnunarsjóð kemur oftast á seinasta ársfjórðung.
  - Fjárhagsáætlanir endurskoðaðar.
  - Fjárhagsáætlunargerð 2021.
  - Reglur og samningar
- ✓ Reglur og samningar.
  - Reglur BsVest endurskoðaðar
  - Senda reglur í stjórnartíðindi.

#### Verklag framkvæmdastjóra BsVest 2020-2021.

##### Fundir stjórnar

- Nauðsynlegt er að ákveða nokkra fundi stjórnar á árinu.
- Tillaga um að það verði 2 snertifundir á ári og 4-5 símafundir. Einn af þessum snertifundum verði fundur með verkefnahópnum.

##### Fundir með verkefnahóp

- Ráð fyrir að það verði 5-6 snertifundir á ári, eins margir símafundir og þurfa þykir.
- Þriðjudagssímtöl, heyrumst og förum yfir líðandi viku.

## Janúar

- ✓ Uppgjör ársins kemur 1. febrúar ár hvert.
- ✓ Fá ársfjórðungsuppgjör frá sveitarfélögum og rýna það
- ✓ Yfirfara reglur og sjá til þess að ekkert hafi breyst í regluverkinu á milli ára.
- ✓ Lengd viðvera
- ✓ Fylgt eftir endurmati á SIS
- ✓ Heimili fyrir börn
- ✓ Bókhald
- ✓ Útsvar komandi árs samþykkt hjá stjórn
  - Ferðir mánaðarins:
- ✓ Bolungarvík aðra hverja viku

## Febrúar

- ✓ Þjónustu og samstarfssamningar endurnýjaðir, farið yfir samþykktir ef til breytinga kemur fyrir aðalfund komandi árs.
- ✓ Verkefnahópsfundur
- ✓ Framkvæmdastjórafundur, kynna fjárhagsáætlun og niðurstöður ársins.
- ✓ Bókhald
- ✓ Uppgjör með endurskoðanda
- ✓ Leiðbeinandi reglur um stuðningsfjölskyldur og styrk til náms verkfæra og tækjakaupa, inn í samráðsgátt, farið yfir með verkefnahóp.
- ✓ Lengd viðvera, vegna rangs útreiknings jöfnunarsjóðs
- ✓ Niðurstaða útsvars hvers árs, frá sambandi Íslenskra Sveitarfélaga.
  - Ferðir mánaðarins:
- ✓ Bolungarvík aðra hverja viku

## Mars

- ✓ Bolungarvík einu sinni í viku
- ✓ Hólmavík
- ✓ Patreksfjörður
- ✓ Ársreikningur tilbúin og stjórn þarf að fara yfir hann.
- ✓ Stjórnarfundur
- ✓ Verkefnahópsfundur með stjórn.
- ✓ Fylgja á eftir þjónustu og samstarfssamningum.
  - Ferðir mánaðarins:
- ✓ Bolungarvík aðra hverja viku
- ✓ Hólmavík
- ✓ Patreksfjörður
- ✓ Tálknafjörður

## Apríl

- ✓ Ársskýrsla fyrri árs unnin
- ✓ Ársskýrsla tilbúin og kynnt stjórn og verkefnahóp
- ✓ Undirbúningur undir aðalfund
- ✓ Stjórnarfundur til að skrifa undir ársreikning
- ✓ Fá ársfjórðungsuppgjör frá sveitarfélögum og rýna það
  - Ferðir mánaðarins:
- ✓ Bolungarvík aðra hverja viku

## Maí

- ✓ Aðalfundur, dagsetning með Vestfjarðarstofu.
- ✓ Aðalfundargerð
- ✓ Verkefnahópsfundur
- ✓ Starfsdagur/námskeiðsdagur
  - Ferðir mánaðarins
- ✓ Bolungarvík aðra hverja viku
- ✓ Patreksfjörður
- ✓ Hólmavík
- ✓ Tálknafjörður
- ✓ Reykhólar

## Júní

- ✓ Fjárhagsáætlunargerð
- ✓ Almenn störf
- ✓ Stjórnarfundur
  - Ferðir mánaðarins
- ✓ Bolungarvík aðra hverja viku

## Júlí

- ✓ Sumarfrí framkvæmdastjóra
- ✓ Fá ársfjórðungsuppgjör frá sveitarfélögum og rýna það
- ✓ Fjárhagsáætlunargerð
- ✓ Almenn störf/ yfirfara reglur og reglugerðir innan BsVest

## Ágúst

- ✓ Fjárhagsáætlunargerð
  - Viðmið fyrir ráðgjöf og stjórnun
  - Gjaldskrá vegna stuðningsfjölskyldna fyrir hvert komandi ár.
- ✓ Samstarfs og þjónustusamningar fyrir komandi ár.
  - Ferðir í ágúst

- ✓ Bolungarvík aðra hverja viku

#### September

- ✓ Fjárhagsáætlunargerð með verkefnahóp
- ✓ Framkvæmdastjórafundur
- ✓ Verkefnahópsfundur
- ✓ Almenn störf/ yfirfara reglur og reglugerðir innan BsVest
- ✓ Styrkur til 25 gr. náms, verkfæra og tækjakaupa.
  - Ferðir mánaðarins
- ✓ Bolungarvík aðra hverja viku
- ✓ Patreksfjörður
- ✓ Hólmavík
- ✓ Reykhólar

#### Október

- ✓ Fjárhagsáætlunargerð með stjórn
- ✓ Stjórnarfundur
- ✓ Verkefnahópsfundur
- ✓ Fá ársfjórðungsuppgjör frá sveitarfélögum og rýna það
- ✓ Almenn störf/ yfirfara reglur og reglugerðir innan BsVest
- ✓ Styrkur til 25 gr.
- ✓ Senda út samstarfs og þjónustusamninga fyrir komandi ár.
  - Ferðir mánaðarins
- ✓ Bolungarvík aðra hverja viku

#### Nóvember

- ✓ Almenn störf/ yfirfara reglur og reglugerðir innan BsVest
- ✓ Fjárhagsáætlun komandi árs.
  - Ferðir mánaðarins
- ✓ Bolungarvík aðra hverja viku

#### Desember

- ✓ Stjórnarfundur
- ✓ Verkefnahópsfundur
- ✓ Fjárhagsáætlun tilbúin fyrir komandi ár.
- ✓ Framkvæmdastjórafundur (jan ár hvert)
  - Ferðir mánaðarins
- ✓ Bolungarvík einu sinni í viku

- ✓ Uppgjör fyrra árs.
  - Framkvæmdastjóri vinnur uppgjör á hverju ári, ársfjórðungs eða 9. mánaðar uppgjör þannig er hægt að fylgjast betur með fjármagni og starfi BsVest.
- ✓ Áætlun útsvars 2020
  - Áætlað útsvar sveitarfélagana liggur fyrir í lok fyrra árs, farið er eftir tölum frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga og í einhverjum tilfellum frá sveitarfélögunum,
- ✓ Verkefni sem liggja fyrir
  - Samvinna meðal sveitarfélaga
  - Samræmd fjárhagsáætlunargerð, fundur með fjármála- og framkvæmdarstjórum sveitarfélaga innan BsVest.
  - Reglur um NPA
- ✓ Fjárhagsáætlunargerð
  - Framlag frá jöfnunarsjóð fyrir 2020 er áætlað 458 millj.kr..
  - Fjárhagsáætlanir endurskoðaðar fyrir árið 2020
  - Fjárhagsáætlunargerð 2021.
  - Þriggja ára áætlun gerð fyrir BsVest
- ✓ Reglur og samningar.
  - Yfirfara reglur með hliðsjón af nýjum lögum og reglugerðum
- ✓ Sett fram verklag við skil áætlana og ákvarðanatöku um skiptingu fjármagnsins:
  - Hvenær fjárhagsáætlun/drög af henni frá sveitarfélögum skulu koma inn á borð.
  - Framkvæmdastjóri mun skila drögum af fjárhagsáætlun BsVest til stjórnar viku seinna.
  - Framkvæmdastjóri biður einnig um starfsáætlun frá hverju sveitarfélagi fyrir sig.
  - Félagsþjónustusvæðin skili samræmdri greinargerð með fjárhagsáætlunum.
  - Fjárhagsáætlanir og % skipting kynnt fyrir verkefnahóp en tekið fyrir af stjórn.

#### Árið 2020.

Árið 2020 hefur einkennst af mjög skrítnum tímum, í janúar var útlit fyrir að við værum aðeins yfir það framlag sem Jöfnunarsjóður setti fram. Fjárhagsáætlun var samþykkt emó halla eins og hún hefur áður verið gerð til þess að sýna fram á raunverulegu þörfina á þeim þjónustu sem við veitum.

Covid-19 setti mikinn svip á fyrri hluta árs, sérstaklega hjá Ísafjarðarbæ og Bolungarvíkurkaupstað þar sem veiran náði að stinga sér niður í starfsmannahópa. Framkvæmdastjóri tók yfir málefnum fatlaðs fólks í Bolungarvík í 6 vikur á meðan félagsmálastjórnin þar var veikur. Mönnun og annað varð mjög erfið á þessum tímum og jöfnunarsjóður gaf út að eftir bylgjuna væri hægt að sækja um í sjóð vegna Covid 19 og kostnaðaraukningar sem varð vegna þess, BsVest sendi inn erindi og bað jöfnunarsjóð um að taka tillit til kostnaðaraukningar á svæðinu, sem varð til þess að öll sveitarfélög/þjónustusvæði á landinu fengu tækifæri til að skila inn erindi vegna kostnaðaraukningar, BsVest sótti um 16,7 millj kr. og fékk í sinn hlut 12,68 millj kr, sem mun skiptast á milli tveggja félagsþjónustusvæða eftir prósentuskiptingu á kostnaðaraukningunni.

Í mars síðastliðinn tók Ísafjarðarbær við félagsþjónustunni í Súðavík og er því í dag félagsþjónustan við Djúp orðin félagsþjónusta Bolungarvíkur.

Gögn BsVest:

Heimasíðan er í vinnslu ennþá en búið er að útbúa heimasíðu með veffanginu bsvest.is. Þar munu allar fundargerðir og annað koma undir, framkvæmdastjóri vinnur í að setja inn efni þegar tími gefst, stjórn og verkefnahópur hefur fengið kynningu á nýju heimasíðunni. Von framkvæmdastjóra er að hún verði tilbúin fyrir lok ársins.

Námskeið/málþing:

Námskeið og málþing hafa verið í lágmarki vegna Covid 19 en framkvæmdastjóri situr alla fundi og þau málþing sem eru streymd.

Ferðir:

Ferðir framkvæmdastjóra hafa verið haldið í lágmarki vegna Covid 19 en von er á að ferð um Vestfirði verði farinn í lok október.

Fundir:

Vikulegir fundir með félagsmálastjóra Ísafjarðarbæjar, sem reynt hefur verið að halda í. teymisfundir á spítalanum á 6 vikna fresti. Fundir með formanni stjórnar einu sinni í viku eða eftir þörfum. Stjórnar og verkefnahópsfundir eftir þörfum.

Ég tel að með virku samtali og samvinnu munum við geta gert BsVest betra og fengið að starfa í sátt við öll sveitarfélög.

Sif Huld Albertsdóttir  
Framkvæmdastjóri